

raðhús G2, byggingarreitur einbýlishúss af K1-gerð er lengdur til vesturs, bindandi byggingarlinur fyrir K3 einbýlishús eru felldar út og í stað tvíbýlishúsa af H-gerð við Klettatún komi einbýlishús K4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 3. maí 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 19. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag á lóð Hjarðarholtskirkju í Dalabyggð. Deiliskipulagið felst í að lóð kirkju og kirkjugarðs eru skilgreind, afmarkaður er byggingarreitur fyrir þjónustuhús og aðkoma að bílastæðum. Gert er ráð fyrir girðingu umhverfis lóðina. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 5. maí 2004.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi Dalabyggðar,

**Bogi Kristinsson Magnusen.**

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 9/2004 um fresti lögaðila, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, til að skila framtölum vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004/2005 á tekjur reikningsársins og eignir í lok þess.**

1. gr.

Peir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok þess reikningsárs sem hófst á árinu 2003 eða síðar og lýkur á árinu 2004.

2. gr.

Um önnur atriði um skattskil og form framtala gilda ákvæði auglýsingar ríkisskattstjóra nr. 4/2004 sem birt var 22. janúar 2004.

4. maí 2004

1071

Nr. 422

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. gr. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. maí 2004.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

4. maí 2004

Nr. 423

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Reglubraut frá Skólavegi í vestur að Vestmannabraut 58b.

Einstefna verður á Brekkugötu til norðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 4. maí 2004.*

**Karl Gauti Hjaltason.**

7. maí 2004

Nr. 424

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Einholt, Akureyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. febrúar 2004 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit milli Einholts og Hlíðarbrautar.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir tveimur nýjum einbýlishúsalóðum við Einholt og stækkun lóðarinnar nr. 26.

Skipulagsupprátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akureyri, 7. maí 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.